

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 9. apríl 2024  
Málsnúmer: 20240303899

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1988 (forstaða og stafrænt aðgengi) - þskj. 1268, 847. Mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. mars sl. móttengið beiðni þar sem veittur kostur á að gefa umsögn við ofangreint þingmál. Eins og fram kemur í greinargerð þá er tilgangurinn með frumvarpi þessu einkum að styrkja heimildir Verðlagsstofu til aðgangs að gagnasöfnum Skattsins og Hagstofu Íslands og stuðla þannig að meira gagnsæi fiskverðs og afurðaverðs og styttri málsmeðferðartíma fyrir úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hér er um að ræða upplýsingar um fiskverð í útflutningsskýrslum.

Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

### I. Upplýsingaöflun Verðlagsstofu um fiskverð í almennum tilgangi

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýr málslíður bætist við 4. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og yrði greinin að gerðri þeirri breytingu svohljóðandi:

#### 4. gr.

*„Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar. Jafnframt ber þeim stofnunum sem safna upplýsingum um útflutning sjávarafurða, svo sem **Skattinum og Hagstofu Íslands**, að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að þeim upplýsingum með rafrænum eða stafrænum hætti.  
(leturbreyting hér)*

Tilvitnuð 3. gr. laga nr. 13/1998 varðar söfnun ítarlegra upplýsinga um fiskverð af hálfu Verðlagsstofu í almennum greiningartilgangi svo það gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum. Einnig varðar greinin öflun gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

5. gr. laga nr. 13/1998 gerir hins vegar ráð fyrir afhendingu gagna af hálfu tollyfirvalda, þ.e. Skattsins, til Verðlagsstofu við athugun einstakra mála, þó að upplýsingar og gögn sem aflað er

samkvæmt greininni megi jafnframt nýta í almennum tilgangi skv. 3. gr., sbr. 2. málslíð 4. mgr. 5 gr.

Ríkisskattstjóri teldi eðlilegra að umfangsmikil öflun gagna af hálfu Verðlagsstofu samkvæmt nýjum málslíð 4. gr. laganna, um útflutning sjávarafurða í tilgangi sbr. 3. gr. laganna, beinist að einni stofnun, sem þá yrði almennt vel í stakk búin til þess að miðla þessum upplýsingum í almennum greiningartilgangi og með þeim hætti sem ákjósanlegt þykir. Ætla má að hagkvæmara og skilvirkara væri að hafa ákveðna festu í því hvaðan afla skuli upplýsinga um fiskverð í þeim tilgangi sem hér er vísað til. Afhending gagna tollyfirvalda til Hagstofu Íslands, og vinna og miðlun gagna af hálfu þeirrar stofnunar, fer fram í samræmi við ítarlegt regluverk sem sniðið er að slíkum greiningarverkefnum, sbr. lög nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Engin önnur stofnun hefur í dag sambærilegan aðgang að tollagögnum og þar um ræðir, en í öðrum tilvikum hefur afmarkaðra mengi tollupplýsinga verið afhent stjórnvöldum í samræmi við lagafyrirmæli hverju sinni. Sem dæmi um slíkar heimildir er núgildandi 5. gr. tilvitnaðra laga nr. 13/1998. Það er afstaða ríkisskattstjóra að affarasælast væri að sú gagnaöflun af hálfu Verðlagsstofu, sem 3. gr. laganna gerir ráð fyrir, beinist einvörðungu að Hagstofu Íslands.

## II. Umfang gagnaöflunar Verðlagsstofu

Almennt hefur verið hafður sá háttur á að þegar sérstakri þagnarskyldu tollyfirvalda og skattyfirvalda er vikið til hliðar með lögum, í því skyni að gera öðrum stjórnvöldum kleift að nýta við framkvæmd verkefna sinna þær trúnaðarupplýsingar sem aflað er í álagningartilgangi, þá er skýrt afmarkað um hvaða fyrirliggjandi upplýsingar ræðir hverju sinni. Er það gert til að gæta meðalhófs við öflun og meðferð stjórnvalda á upplýsingum sem snerta fjármál og viðskiptahagsmuni einstaklinga og einstakra lögaðila, og tryggja að miðlun gagna sé ekki umfram það sem í raun telst lögmætt.

Ekki eru fordæmi fyrir því, að upplýsingaöflunarheimildum Hagstofu frátöldum, að svo opin heimild til miðlunar tollagagna að hluta eða öllu leyti sé leidd í lög. Hvað Hagstofuna varðar þá tekur lagaumgjörðin um starfsemi hennar, og innviðir stofnunarinnar, mið af þeim verkfærum sem henni er ætlað að beita við öflun og úrvinnslu upplýsinga. Erfitt er að sjá hvernig 2. gr. frumvarps þessa samrýmist þeirri kröfu að gætt sé að grundvallarsjónarmiðum um meðalhóf við vinnslu upplýsinga sem varða einstaka aðila. Við rafræna eða stafræna afhendingu gagna þá er í þessu samhengi sömuleiðis um upplýsingaöryggissjónarmið að ræða og mikilvægt að lágmarka hættu á öryggisbresti sem haft gæti alvarlegar afleiðingar fyrir hagsmuni þeirra aðila sem gögnin varða og orðspor hinna opinberu stofnana sömuleiðis. Ríkisskattstjóri leggur áherslu á mikilvægi þess að afmarka betur þær upplýsingar sem Verðlagsstofu er ætlað að vinna með samkvæmt 3. gr. laga nr. 13/1998 svo unnt sé að viðhafa þann hátt á framkvæmd upplýsingarmiðlunar sem almennt telst við hæfi.

Vert er að nefna að við miðlun gagna með þeirri tækni sem almennt er nú notast við af hálfu Skattsins, þ.e. með vefþjónustum, þá eru þau gögn sem um ræðir nákvæmlega skilgreind og þar skiptir miklu leiðsögn lagatextans og lögskýringargagna. Ekki er um að ræða opið aðgengi eða tenginu á milli gagnagrunna Skattsins annars vegar og Verðlagsstofu, eða annarra stofnana hins vegar, heldur fyrirfram skilgreinda afhendingu gagna eftir öruggum farvegi. Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að eftir atvikum getur smíði vefþjónustu og breytingar á henni kostað talsverða fjármuni sem gert er ráð fyrir að sú stofnun greiði, sem þjónustuna nýtir við framkvæmd sinna verkefna. Með vísan til gildistökuákvæða 6. gr. frumvarpsins er vert að geta þess að smíði eða breytingar á vefþjónustu getur eftir atvikum tekið nokkurn tíma. Tilfallandi afhending einstakra

tegunda upplýsinga vegna annarra þarfa er þannig hvorki einföld aðgerð né verður framkvæmd án viðeigandi ráðstafana og umstangs.

Loks telur ríkisskattstjóri tilefni til að benda á að þar sem sjávarfang er mjög viðkvæm vara þá leggja útflytjendur eðlilega áherslu á að koma henni sem fyrst á markað. Gjarnan eru því sjávarafurðir fluttar úr landi án þess að þær hafi verið seldar fyrirfram, og leggja þá útflytjendur fram áætlað söluverð á bráðabirgðatollskýrslu. Þegar varan er seld s.s. á markaði, þá er skilað fullnaðaruppgjöri til tollfyrivalda þar sem endanlegt söluverð kemur fram. Stundum seljast sjávarafurðir á meðan skip er að sigla út en jafnframt eru dæmi um að varningur sitji um tíma í vöruheymslum erlendis áður en endanlegt söluverð liggur fyrir. Ríkisskattstjóri áréttar að óhjákvæmilega getur því liðið talsverður tími frá útflutningi og þar til fyrir liggja þær upplýsingar sem máli skipta fyrir mat á fiskverði og horfur á þróun þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson